

## Frumvarp til laga

um skattaívilnanir í þágu tilgreindra félagasamtaka.

Flm.: Eygló Harðardóttir, Siv Friðleifsdóttir, Birkir Jón Jónsson.

### I. KAFLI

#### Breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum.

##### 1. gr.

Við 28. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Eignaauki vegna arftöku, fyrirframgreiðslu arfs og dánargjafa til kirkjufélaga, viðurkenndrar mannúðar-, heilbrigðis- og líknarstarfsemi, menningarmála og vísindalegra rannsóknarstarfa, sjúklingafélaga og stofnana þeirra. Ráðherra ákveður með reglugerð hvaða málaflokkar og stofnanir falla undir þennan tölulið.

##### 2. gr.

Við A-lið 30. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Einstakar gjafir til kirkjufélaga, viðurkenndrar mannúðar-, heilbrigðis- og líknarstarfsemi, menningarmála og vísindalegra rannsóknarstarfa, sjúklingafélaga og stofnana þeirra enda sé gjöfin ekki undir 50.000 kr. Ráðherra ákveður með reglugerð hvaða málaflokkar og stofnanir falla undir þennan tölulið.

### II. KAFLI

#### Breyting á lögum nr. 14/2004, um erfðafjárskatt, með síðari breytingum.

##### 3. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ekki skal greiða erfðafjárskatt af arfi, gjafaarfi, dánargjöfum, fyrirframgreiddum arfi og gjöfum til kirkjufélaga, viðurkenndrar mannúðar-, heilbrigðis- og líknarstarfsemi, menningarmála og vísindalegra rannsóknarstarfa, sjúklingafélaga og stofnana þeirra. Ráðherra ákveður með reglugerð hvaða málaflokkar og stofnanir falla undir þessa málsgrein.

##### 4. gr.

Lögin öðlast þegar gildi. 1. gr. kemur til framkvæmda við álagningu árið 2014 vegna tekjuársins 2013. 2. og 3. gr. skulu eiga við um skipti á dánarbúum þeirra sem andast 1. janúar 2013 eða síðar.

#### Greinargerð.

Frumvarp þetta var fyrst lagt fram á 139. löggjafarþingi. Málinu var þó ekki vísað til nefndar þar sem ekki tókst að mæla fyrir því. Frumvarpið var svo endurflutt á 140. löggjafarþingi (107. mál) og vísað til efnahags- og viðskiptanefndar sem sendi það til umsagnar.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til skattaívilnanir sem hugsaðar eru í þágu frjálsra félagasamtaka á sviði menningarmála, vísindalegra rannsóknarstarfa, viðurkenndrar líknarstarf-

semi, kirkjufélaga og sjúklingafélaga og samtaka þeirra. Er lagt til að einstaklingi verði heimilt að draga gjafir til slíkra félagasamtaka frá skatti. Einnig er lagt til að slíkum samtökum verði ekki gert að greiða erfðafjárskatt af arfi, gjafaarfi, dánargjöfum og fyrirframgreiddum arfi sem þeim áskotnast.

Við skýringu á ákvæðum frumvarpsins er rétt að hafa til hliðsjónar reglugerð fjármálaráðherra nr. 483/1994, um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, sbr. 15.–18. gr. reglugerðarinnar og 2. tölul. 31. gr. tekjuskattslaga.

Við efnismeðferð málsins hjá efnahags- og viðskiptanefnd á 140. löggjafarþingi bárust umsagnir um það frá Alþýðusambandi Íslands, Blindrafélaginu, Félagi nýrnasjúkra, Kvenfélagasambandi Íslands, Landspítala – háskólasjúkrahúsi, Neytendasamtökunum, ríkisskattstjóra, SÁÁ, SÍBS og umboðsmanni barna. Voru umsagnaraðilar ánægðir með frumvarpið og allir á einu máli um að ákvæði þess væru mikilvæg fyrir starfsemi frjálsra félagasamtaka, auk þess að vera mikilvægur hvati fyrir aðila til að styrkja slík samtök. Nokkrar efnislegar ábendingar komu fram og hefur verið tekið tillit til þeirra í þessari útgáfu frumvarpsins.

Frjáls félagasamtök sinna fræðslu almennings, efla menningar- og listalíf, inna af hendi margs konar samfélagsþjónustu og halda á lofti málstað einstakra þjóðfélagshópa. Félagasamtök eru jafnfjölbreytt og þau eru mörg, en sem dæmi um frjáls félagasamtök sem snerta líf flestra Íslendinga má nefna Landsbjörg, Heimili og skóla, Kvenfélagasamband Íslands og Rauða kross Íslands. Frjáls félagasamtök inna af hendi mikilvægt starf í formi margs konar samfélagsþjónustu og til þess að þau geti notið undanþágna, svo sem skattaávilnana sem eru til þess fallnar að styrkja starfsemi þeirra og eru um leið viðurkenning á mikilvægi þeirra, er nauðsynlegt að sett verði sérstök lög um félög af þessu tagi. Í þeim lögum verði félögin skilgreind sérstaklega og skilyrði sem þau þurfa að uppfylla til að fá skattaávilnanir og aðrar undanþágur sem þeim kunna að standa til boða.

Á grundvelli þess mikilvæga samfélagslega hlutverks sem frjáls félagasamtök gegna hafa þau lengi fengið ýmsar undanþágur frá skattgreiðslum, sérstaklega frá greiðslu tekjuskatts og eignarskatts, enda má gera ráð fyrir að opinberir aðilar þyrftu sjálfir að sinna verkefnum þeirra ef félagasamtökin gerðu það ekki.

Íslensk félagasamtök njóta þó ekki sömu skattaávilnana og algengt er í samanburðarlöndunum, t.d. undanþágu frá greiðslu fjármagnstekjuskatts, erfðafjárskatts og endurgreiðslu virðisaukaskatts af aðföngum. Stærsti munurinn felst þó í því að einstaklingum hér á landi er ekki leyfilegt að draga gjafir til góðgerðafélaga frá skattskyldum tekjum sínum líkt og almennt er heimilt í löndum Evrópu og Norður-Ameríku. Einnig hafa frjáls félagasamtök greitt fullan erfðafjárskatt af dánargjöfum sem þeim hefur verið ánafnað.

Á undanförunum áratugum hafa skattaávilnanir stjórnvalda fyrst og fremst beinst að fyrirtækjum sem eru á markaði í hagnaðarskyni. Sífellt hefur hallað á starfsemi sem rekin er á grundvelli ákveðinna hugsjóna, svo sem frjáls félagasamtök og samvinnufélög. Má þar nefna afnám ákvæða um frádrátt frá skattskyldum tekjum einstaklinga vegna gjafa til góðgerðafélaga árið 1979, ákvörðun um að félagasamtök skyldu greiða fjármagnstekjuskatt árið 1996 og álagning erfðafjárskatts á gjafir til líknarfélaga vorið 2004.

Flutningsmenn telja það ekki rétt skilaboð til samfélagsins að hagkvæmara sé að græða sjálfur en að gefa náunganum, að auðdýrkun og fésysla sé metin meira en vinnan, þekkingin og framtakið og maðurinn sjálfur. Frjáls félagasamtök hafa ekki farið varhluta af kreppunni. Framlög frá fyrirtækjum og einstaklingum hafa dregist saman, auk þess sem hið opinbera hefur minna getað stutt við starfsemi þeirra með beinum styrkjum. Á sama tíma hefur álag og eftirspurn eftir þjónustu frjálsra félagasamtaka aukist.

Með breyttum skattareglum, sérstaklega hvað varðar góðgerða- og líknarfélög, er hægt að

bæta starfsumhverfi frjálsra félagasamtaka umtalsvert. Starfsemin eflist og þau verða betur í stakk búin að hlaupa undir bagga með ríki og sveitarfélögum við þessar erfiðu efnahagsaðstæður.

